

Þriðjudaginn 13. mars 1990.

Nr. 174/1988. **Hans Joachim Fischer**

gegn

Herði Jónssyni**og gagnsök.**

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1988 til þingfestingar 3. október 1988. Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1988 til þingfestingar 1. febrúar 1989, og hefur aðaláfrýjandi síðan fengið átta sinnum frest til ágripsgerðar.

Við fyrirtekt málsins 2. mars 1990 óskaði aðaláfrýjandi eftir fresti til apríl 1990, en af hálfu gagnáfrýjanda var synjað um frest. Aðilum var gefinn kostur á að skila greinargerð. Í greinargerð gagnáfrýjanda er gerð krafa um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi hefur ekki skilað greinargerð.

Telja verður, að aðaláfrýjandi hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu þykir ekki fært að veita frekari frest í því gegn andmælum gagnáfrýjanda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti til gagnáfrýjanda, sem tíu sinnum hefur látið sækja þing í málinu, þykir hæfilega ákveðinn 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Hans Joachim Fischer, greiði gagnáfrýjanda, Herði Jónssyni, 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.